

Uppgjörsléiðbeiningar fyrir styrk vegna minnkaðs starfshlutfalls

Fyrirtæki geta sótt um styrk hjá Vinnumálastofnun fyrir starfsmenn sína sem fengu greiddar hlutabætur fyrir apríl og maí 2021. Heimilt er að sækja um greiðslu styrksins til og með 30. júní 2021.

Styrkurinn er greiddur í allt að fimm mánuði, frá 1. júní 2021 til og með 31. október 2021. Fjárhæð styrks er að hámarki 236.417 kr. auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð. Greitt er í samræmi við starfshlutfall.

Skilyrði fyrir greiðslu styrks eru:

1. Að samið hafi verið um að viðkomandi starfsmaður fari aftur í það starfshlutfall, eða hærra starfshlutfall, sem ráðningasamningur kveður á um áður en starfsmaður fór á hlutabótaleið.
2. Að fyrirtækið sé í skilum hvað varðar launatengd gjöld og opinber gjöld, svo sem iðgjöld, mótframlag í lífeyrissjóð, stéttarfélagsgjöld og tryggingagjald.
3. Liggja þarf fyrir í ráðningarsamningi eða viðauka hans að starfsmaður fái greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningum og njóti óskertra orlofsréttinda á yfirstandandi orlofsári í samræmi við fyrra starfshlutfall, þrátt fyrir að starfsmaður hafi verið á hlutabótum.
4. Að Vinnumálastofnun hafi borist staðfesting frá starfsmanni um breytt starfshlutfall og samkomulag milli sín og viðkomandi fyrirtækis um orlofsréttindi. Starfsmaður skilar þeirri staðfestingu á Mínum síðum atvinnuleitenda.

Vinnumálastofnun hefur heimild til að rifta samningi um styrk ef forsendubrestur verður á samningstímabilinu, t.a.m. ef ráðningarsambandi er slitið eða ef starfsmaður fer í minna starfshlutfall á samningstímabilinu.

Fyrirtæki þurfa að senda reikning til Vinnumálastofnunar ásamt staðfestingu á launagreiðslum starfsmanna.

Til þess að Vinnumálastofnun geti yfirfarið umsóknir þurfa Atvinnurekendur að vera búnir að skilað inn skilgreinum vegna launatengdra gjalda til Ríkisskattstjóra fyrir viðkomandi mánuð. Með launatengdum gjöldum er átt við staðgreiðslu skatta, greiðslum í lífeyrissjóð, stéttarfélag og orlofs greiðslur. Atvinnurekendum ber að skila þessu eigi síðar en 15. hvers mánaðar og getur greiðslan ekki farið fram fyrr en búið er að skila þessu inn til RSK. Atvinnurekendur eru því hvattir til að senda inn skilgreinar sem fyrst til að flýta fyrir greiðslu.


1. Farið er inn á vef Vinnumálastofnunar : <https://vinnumalastofnun.is/>

2. Valið er **Mínar síður -> Atvinnurekandi**




3. Þá birtist innskráningarsíða, mælt er með því að nota Íslykil fyrirtækis þar sem rafræn skilríki geta beint ykkur á mínar síður atvinnuleitanda í stað atvinnurekanda.

- Sé atvinnurekandi ekki með Íslykil er hægt að sækja um með því að smella á „Mig vantar Íslykil“ og þá birtist hann undir rafræn skjöl í netbanka á innan við 5 mínútum.



4. Þegar atvinnurekandi hefur skráð sig birtist þessi reitur sem á stendur Hlutabætur.

Þá er valið „Greiðslur vegna styrks“



5. Ef að innskráning er rétt birtist þessi síða og allir starfsmenn sem uppfylla skilyrðin um styrk vegna minnkaðs starfshlutfalls birtast hér undir. Til þess að hægt sé að yfirfara umsóknirnar þurfum við eftirfarandi upplýsingar frá atvinnurekenda:

- a. Upplýsingar um bankareikning
- b. Heildar **skattskyld** laun viðkomandi starfsmanns fyrir þann **mánuð** sem sótt er um.
 - i. Þar með talið álag, orlof, bifreiðarhlunnindi og svo framvegis
 - ii. Þetta er sú upphæð sem að greiddur er skattur af og er send í skilagrein til RSK
- c. Að lokum þarf atvinnurekandi að hlaða upp launaseðli fyrir viðkomandi mánuð sem sótt er um.
- d. Sækja verður um einn mánuð í einu
- e. Þetta getur tekið smá tíma þar sem að kerfið byrjar að sækja gögn og reikna út upphæð styrks.



Forsíða

Umsóknir

Aðgerðir

Vinnusamningar öryrkja

Störf

Hráefnisskortur

Greiðslur vegna styrks

Hér að neðan er listi yfir þá starfsmenn sem uppfylla skilyrðin fyrir tilfærslu Hlutabóta yfir í Styrk hjá þínu fyrirtæki og er hægt að senda inn beiðni um styrk fyrir fleiri en einn starfsmann í einu. Ef að atvinnurekandi er að sækja um fleiri en einn mánuð í einu verður að sækja um í sitthvoru lagi.

Í reitinn Heildarlaun þarf að skrá inn **Heildar skattskyld laun** samkvæmt launaseðli. (Mikilvægt er að þetta sé skráð rétt og skal tilgreina öll laun, hlunnindi, orlof og álag)

Einnig þarf að bæta við launaseðli fyrir viðkomandi mánuð en það er grundvöllur fyrir því að fá greitt.

Vinnumálastofnun áskilur sér rétt til þess að hafna umsóknum sem ekki uppfylla þessi atriði.

Sjá nánar frétt um þetta á vef Vinnumálastofnunar hér: [Hlekkur](#)

Reglugerðarákvæðið í heild sinni má nálgast hér: [Hlekkur](#)

Mikilvægt er að staðfesta réttar bankaupplýsingar hér að neðan

Banki	Höfuðbók	Reikningsnúmer
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Skrá launaseðla

Magnskráning á við þegar verið er að skrá og senda launaseðla fyrir tvo starfsmenn eða fleiri

Magnskráning fyrir: (mán / ár)

Nafn (kt)	Heildarlaun	Launaseðill	Senda
Jón Jónsson (123456-7890)	<input type="text"/>	<input type="button" value="Browse"/>	<input type="button" value="Senda"/>
Jón Jónsson (123456-7890)	<input type="text"/>	<input type="button" value="Browse"/>	<input type="button" value="Senda"/>
Jón Jónsson (123456-7890)	<input type="text"/>	<input type="button" value="Browse"/>	<input type="button" value="Senda"/>
Jón Jónsson (123456-7890)	<input type="text"/>	<input type="button" value="Browse"/>	<input type="button" value="Senda"/>

Aður skráðir launaseðlar

Nafn (kt)	Heildarlaun	Launaseðill
-----------	-------------	-------------

6. Þegar búið er að skrá inn þessar upplýsingar þá færast þessir starfmenn niður í „Áður skráðir launaseðlar“ og kerfið reiknar út hvaða upphæð fyrirtækið fær fyrir viðkomandi starfsmann.
- Kerfið sækir upphaflega hlutfallið sem viðkomandi starfsmaður var í og einnig hvaða hlutfall hann á rétt á núna.
 - Kerfið gerir samkeyrslu við RSK og sækir skattskyldu launin sem fyrirtæki skila inn til RSK

Skrá launaseðla

Magnskráning á við þegar verið er að skrá og senda launaseðla fyrir tvo starfsmenn eða fleiri

Magnskráning fyrir: Júní ▾ 2021 ▾ (mán / ár)			
Nafn (kt)	Heildarlaun	Launaseðill	Sendi

Áður skráðir launaseðlar

Nafn (kt)	Heildarlaun	Launaseðill
Jón Jónsson (123456-7890)	Upphæð styrks	✓
Jón Jónsson (123456-7890)	Upphæð styrks	✓
Jón Jónsson (123456-7890)	Upphæð styrks	✓
Jón Jónsson (123456-7890)	Upphæð styrks	✓

7. Ef allar upplýsingar stemma fer umsóknin til greiðslu.